



Kortlagning á úrræðum, samningum og styrkjum Reykjavíkurborgar vegna fíknivanda

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir,
Deild gæða og rannsókna
Maí 2018

Inngangur

Á úttektaráætlun velferðarsviðs fyrir árið 2018 er kortlagning á úrræðum Reykjavíkurborgar vegna fíknivanda, auk samantektar á samningum og styrkjum til aðila sem reka úrræði fyrir einstaklinga með áfengis- og/eða fíkniefnavanda.

Tilurð kortlagningarinnar á sér stað í bókun velferðarráðs frá 12. október 2017 en í henni leggur ráðið áherslu á að farið verði í úttekt á fíknivandaúrræðum borgarinnar sem og samningum og styrkjum sem veittir eru til meðferðarúrræða með þarfir kynjanna að leiðarljósi.

Bókun velferðarráðs 12. október 2017:

Velferðarráð leggur áherslu á að farið verði í úttekt á fíknivandaúrræðum borgarinnar sem og samningum og styrkjum sem veittir eru til meðferðarúrræða með þarfir kynjanna að leiðarljósi, sem geta verið mismunandi. Skoða þarf hvernig stuðningsþjónusta eins og tilsjón geti stutt betur við konur og karla með fíknivanda sem eru með börn á framfæri og treysta sér ekki til að yfirgefa börn sín til að fara í meðferð.

Þjónusta við einstaklinga með meðhöndlaðan og ómeðhöndlaðan vímuefnavanda í Reykjavík

Vettvangs- og ráðgjafateymi (VOR-teymi)

Vettvangs- og ráðgjafateymið (VOR-teymið) er þverfaglegt hreyfanlegt teymi sem var stofnað árið 2015 í samræmi við stefnu borgarinnar í málefnum utangarðsfólks. VOR-teymið hefur aðsetur í Gistiskýlinu en forstöðumaður Gistiskýlisins er jafnframt formaður teymisins. VOR-teymið sinnir þremur mikilvægum hlutverkum; vinnur að forvörnum og á samstarf við ráðgjafa á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar; hefur yfirsýn yfir málaflokkinn og bregst við aðstæðum þegar á þarf að halda og veitir hópi fólks í sjálfstæðri búsetu stuðning og ráðgjöf. Í þjónustu við fólk í sjálfstæðri búsetu fylgir VOR-teymið hugmyndafræðinni um húsnæði fyrst, *Housing First*. Teymið sinnir einnig fólki sem kemur í Gistiskýlið, sérstaklega nýjum einstaklingum og þeim sem eru á leið í fasta búsetu.

Í apríl 2018 veitti VOR-teymið samtals níu einstaklingum í sjálfstæðri búsetu stuðning og ráðgjöf. Um var að ræða þrjár konur og sex karlmenn.

Langtímabúsetuúrræði fyrir einstaklinga í neyslu — rekin af Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur um árabil komið að rekstri úrræða fyrir einstaklinga með hvort tveggja meðhöndlaðan og ómeðhöndlaðan áfengis- og vímuefnavanda. Úrræðin eru áfangameimili, neyðarskýli og langtímabúsetuúrræði með mismunandi rekstrarformi. Annars vegar eru þau alfarið í rekstri borgarinnar og hins vegar í samvinnu við ólík félagasamtök. Smáhýsin og búsetuúrræðið að Hringbraut byggja að einhverju leyti á grunni hugmyndafræðinnar „Housing first“ en um sjálfstæða búsetu er að ræða í samliggjandi íbúðum eða herbergjum. Til að fá úthlutað herbergi eða íbúð er ekki gerð krafa um að íbúar séu hættir í neyslu áfengis- og/eða vímuefna.

Smáhýsi

Smáhýsi, sem opnuð voru árið 2008, eru samtals þrjú. Búseta í smáhýsunum er fyrir þrjá einstaklinga eða pör/hjón. Markmið með úthlutun smáhýsa er að veita öruggt húsnæði einstaklingum og pörum sem erfiðlega hefur gengið að útvega búsetuúrræði vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu, annarra veikinda eða sérþarfa. Þjónustu við íbúa er sinnt með daglegu innliti VOR-teymis velferðarsviðs.

Í apríl 2018 bjuggu þrír karlar í smáhýsum.

Hringbraut

Á Hringbraut rekur Reykjavíkurborg úrræði með 11 íbúðum. Úrræðið er fyrir þann hóp heimilislausra sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Í sumum tilfellum eru íbúar með tvígreiningar, þ.e. áfengissýki og/eða fíkn í aðra vímuefnagöf, en úrræðið sem slíkt er ekki byggt upp með þann hóp í huga. Ekki er gerð krafa um að íbúi sé hættur neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Þjónustu við íbúa er sinnt af starfsfólki sem er til staðar hluta sólarhringsins. Jafnframt veitir VOR-teymið íbúum stuðning með einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Fimm íbúðir eru sérstaklega ætlaðar konum en í apríl 2018 bjuggu í íbúðunum að Hringbraut sjö konur og þrír karlar.¹

¹ Einn íbúi var nýfluttur þegar kortlagningin var gerð og stóð því ein íbúð auð.

Heimili fyrir karla með vímuefnavanda – Njálsgata

Velferðarsvið rekur heimili á Njálsgötu fyrir karlmenn með vímuefnavanda. Þar eru einstaklingsherbergi fyrir átta karlmenn. Um er að ræða heimili fyrir þann hóp heimilislaustra karla sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna.

Í apríl 2018 bjuggu átta karlmenn á Njálsgötu.

Tafla 1: Þjónusta við íbúa með áfengis- og/eða fíknivanda í langtímabúsetuúrræðum borgarinnar eða í sjálfstæðri búsetu (kynjaskiping í apríl 2018)

	Fjöldi pláss	Karlar	Konur
H121	11	3	8
Smáhýsin	3	3	
N74	8	8	
Sjálfstæð búseta (með stuðningi VOR-teymisins)		6	3
Alls	22	20	11

Búsetuúrræði fyrir tvígreinda einstaklinga — rekin af Reykjavíkurborg

Við rekstur eftirfarandi heimila er unnið eftir stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Um er að ræða heimili fyrir einstaklinga með geðfötlun og áfengis- og/eða vímuefnavanda. Á heimilunum í Hraunbæ og Starengi búa einstaklingar sem hafa farið í áfengis- og/eða vímuefnameðferð. Á Miklubraut búa einstaklingar sem eru í neyslu.

Hraunbær 107A og B

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu í Hraunbæ tvær konur og fimm karlmenn.

Einnig veita starfsmenn heimilisins fimm einstaklingum þjónustu út frá kjarna. Í apríl 2018 var þjónustan veitt fjórum karlmönnum og einni konu.

Starengi 6

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu að Starengi ein kona og fimm karlmenn.

Einnig veita starfsmenn heimilisins fjóra einstaklingum þjónustu út frá kjarna. Í apríl 2018 var þjónustan veitt tveimur karlmönnum og tveimur konum.

M20

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu að Miklubraut átta karlmenn.

Tafla 2: Búsetuúrræði fyrir tvígreinda einstaklinga – rekin af Reykjavíkurborg (kynjaskipping í apríl 2018)

	Fjöldi rýma	Karlar	Konur	Utankjarnaþ. kk	Utankjarnaþ. kvk
Hraunbær	7	5	2	4	1
Starengi	6	5	1	2	2
M20	8	8			
Alls	21	18	3	6	3

Áfangaheimili

Áfangaheimili, sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar kemur að með eigin rekstri eða í samvinnu við aðra aðila, hafa það að markmiði að bjóða þeim einstaklingum sem hætt hafa neyslu áfengis og annarra vímuefna öruggt heimili, stuðning og aðhald á meðan þeir aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Jafnframt er stefnt að því að auka lífsgæði þeirra og möguleika á að ná tökum á lífi sínu. Endurhæfing og stuðningur er ætlað að fara fram í nánu samstarfi við heimilismenn.

Áfangaheimili — rekið af Reykjavíkurborg

Snorrabraut (Brautin)

Áfangaheimilið Brautin er alfarið rekið af Reykjavíkurborg og hefur rými fyrir níu karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu níu karlmenn.

Áfangaheimili — rekin á grundvelli samninga við Reykjavíkurborg

Heimili fyrir karla í vímuefnavanda – Miklabraut (18)

Samhjálp rekur áfangaheimili á Miklubraut á grunni þjónustusamnings við borgina. Áfangaheimilið er ætlað átta karlmönnum sem eru að fóta sig eftir að hafa komið úr meðferð.

Í apríl 2018 bjuggu átta karlmenn á heimilinu.

Vin (SÁÁ)

SÁÁ rekur áfangaheimili á grunni þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Áfangaheimilið er ætlað bæði konum og körlum og þar eru rými fyrir 23 karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu 23 karlmenn í Vin.

Styrkir til félagasamtaka vegna áfangaheimila

Nýtt takmark (Takmark líknarfélag)

Áfangaheimilið Nýtt takmark er rekið af líknarfélaginu Takmark. Á heimilinu eru rými fyrir 19 karlmenn. 16 rými eru í aðalbyggingu áfangaheimilisins og svo er til hliðar íbúð með rýmum fyrir þrjá karlmenn.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 19 karlmenn.

Samhjálp – Sporið

Auk Miklubrautar 18 rekur Samhjálp áfangaheimilið Sporið með styrk frá Reykjavíkurborg. Á Spori eru rými fyrir 17 karla.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 19 karlmenn.

Draumasetrið (Spörvar líknarfélag)

Spörvar líknarfélag rekur áfangaheimilið Draumasetrið en á heimilinu eru 41 eins manns herbergi.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 37 karlmenn og fjórar konur.

Dyngjan (Líknarfélag Dyngjan)

Líknarfélagið Dyngjan rekur Dyngjuna sem eingöngu ætlað konum og eru þar rými fyrir 14 konur.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu 14 konur.

Tafla 3: Áfangaheimili – kynjaskipting í apríl 2018

	Fjöldi rýma	Karlar	Konur
Brautin (Reykjavíkurborg)	9	9	
M18 (Samhjálp)	8	8	
Vin (SÁÁ)	23	23	
Nýtt takmark (Takmark líknarfélag)	19	19	
Sporið (Samhjálp)	17	17	
Draumasetrið (Spörvar líknarfélag)	41	37	4
Dyngjan (líknarfélag Dyngjan)	14		14
Alls	131	113	18

Neyðarskýli

Gistiskýlið – rekið af Reykjavíkurborg

Samhjálp rak Gistiskýlið á grunni þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar til ársins 2015. Í dag er Gistiskýlið til húsa á Lindargötu og er rekið af Reykjavíkurborg. Gistiskýlið er næturskjól til einnar nætur í senn og eru rými fyrir 25 karla. Skjólstæðingar Gistiskýlisins njóta þjónustu VOR-teymisins en teymið hefur skrifstofuaðstöðu á Lindargötunni.

Konukot – rekið af RKÍ með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg

Konukot er neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur og hefur verið rekið frá árinu 2004. Reykjavíkurseild Rauða krossins rekur Konukot á grunni samnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Í Konukoti eru rými fyrir átta konur. Skjólstæðingar Konukots njóta þjónustu VOR-teymisins.

Tafla 4: Neyðarskýli – kynjaskipting apríl 2018

	Pláss fyrir karla	Pláss fyrir konur
Gistiskýlið	25	
Konukot		8

Önnur úrræði fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt í áfengis- og/eða fíknivanda

BARKA

Í ársbyrjun 2017 gerði velferðarsvið Reykjavíkur samning við Barka, pólsk samtök sem aðstoða utangarðsmenn af pólskum uppruna að koma lífi sínu á réttan kjöl. Barka-verkefnið miðar að því að stuðla að betri lífsgæðum þessa hóps hvort sem í því felst að snúa aftur til heimalands eða vera áfram í Reykjavík. Á fyrstu sjö mánuðum 2017 fluttu 12 karlmenn og ein kona til Póllands á vegum samstarfs við BARKA.

Grettistak

Grettistak er samstarfsverkefni milli TR og Félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmiðið er að gefa þeim, sem átt hafa við langvarandi og alvarlegan vímuefnavanda, tækifæri til endurhæfingar eftir meðferð.

Í apríl 2018 voru 52 karlmenn og 38 konur skráðar í verkefninu.

Samningar og styrkir 2017 — Kostnaður

Árið 2017 greiddi Reykjavíkurborg níu samtökum/félagasamtökum, sem reka úrræði fyrir einstaklinga með áfengis- og/eða fíkniefnavanda, rúmlega 203 milljónir í formi styrkja og samninga.

Tafla 5: Samningar og styrkir 2017 – Kostnaður

Reykjavíkurdeild RKÍ – Konukot	59.376.559	Þjónustusamningur
SÁÁ rekstur Vinjar	19.456.000	Þjónustusamningur
Samhjálp – M18 (rekstur og innri leiga)	22.592.028	Þjónustusamningur
Barka	16.909.287	Þjónustusamningur
AA samtökin – T20 (innri leiga)	18.424.668	Styrkjasamningur velferðarráðs
Dyngjan (rekstur og innri leiga)	7.189.589	Styrkjasamningur velferðarráðs
Spörvar líknarfélag	5.893.809	Styrkjasamningur velferðarráðs
Áfangaheimilið Nýtt takmark	9.411.010	Styrkjasamningur velferðarráðs
Samhjálp Sporið	2.964.164	Styrkjasamningur velferðarráðs
Samhjálp – Kaffistofa	13.620.000	Styrkjasamningur velferðarráðs
SÁÁ – Göngudeild	20.275.200	Styrkjasamningur velferðarráðs
Vímulaus æska – eftirmeðferð og stuðningur	7.250.000	Styrkjasamningur velferðarráðs
Samtals	203.362.314	

Búsetuúrræði og áfangaheimili rekin af Reykjavíkurborg- Kostnaður 2017

Árið 2017 var kostnaður Reykjavíkurborgar af búsetuúrræðum og áfangaheimilum sem eru alfarið í rekstri Reykjavíkurborgar rúmar 370 milljónir.

Tafla 6: Úrræði vegna utangarðsfólks- kostnaður 2017

Gistiskýli	141.230.860
H121	50.972.633
Smáhýsi	16.639.658
VOR - teymi	63.837.456
N74	77.501.303
Brautin	20.055.900
	370.237.810

Kynjahlutfall og þjónusta

Í apríl 2018 er 31 einstaklingur í langtímabúsetuúrræðum Reykjavíkurborgar og í sjálfstæðri búsetu með stuðningi VOR-teymisins. Af þeim eru **65% karlmenn** og **35% konur**.

30 einstaklingar eru í búsetuúrræðum Reykjavíkurborgar fyrir tvígreinda einstaklinga og í utankjarnþjónustu í apríl 2018. Af þeim eru **80% karlmenn** og **20% konur**.

131 einstaklingur eru á áfangaheimilum reknum af Reykjavíkurborg, félagasamtökum og líknarfélögum í apríl 2018. Af þeim eru **86% karlmenn** og **14% konur**.

Í neyðarskýlum reknum af Reykjavíkurborg og Reykjavíkurdeild RKÍ eru pláss fyrir 33 einstaklinga. Af þeim eru **75% ætluð karlmönnum** og **25% ætluð konum**.

Í apríl 2018 voru 90 einstaklingar skráðir í verkefnið Grettistak. Af þeim eru **58% karlmenn** og **42% konur**.

Kynjahlutfall og áfengis- og/eða vímuefnavandi

Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ leita hlutfallslega færri konur en karlar sér hjálpar vegna áfengis- og/eða fíknivanda. Frá því að SÁÁ tók til starfa í lok ársins 1977 hafa rúmlega 24.000 einstaklingar leitað meðferðar hjá SÁÁ. Af þeim eru 70% karlar og 30% konur.²

Margvíslegar ástæður eru fyrir því að færri konur leita sér aðstoðar vegna áfengis- og/eða vímuefnavanda. Rannsóknir benda til að hugsanlega liggi bæði samfélagslegar og líffræðilegar skýringar þar að baki. Ekki er hægt að alhæfa og yfirfæra rannsóknir á vandanum í einu samfélagi á einhverjum tímapunkti yfir á annað. Ástæða þess er sú að félagslegar birtingarmyndir áfengis- og/eða vímuefnavanda þarf að skoða í víðu samfélagslegu samhengi hverju sinni.

Samkvæmt rannsóknum sem birtar voru í samantekt WHO á áfengisneyslu kynjanna árið 2005, kom m.a. fram að hlutfallslega fleiri karlar en konur neyti áfengis og/eða vímuefna.³ Þar af leiðandi eigi fleiri karlar við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða en konur. Þar segir að mismunur kynjanna á notkun áfengis og/eða vímuefna á sér eigi sér fyrst og fremst samfélagslegar skýringar. Rannsóknir bendi til að þeir samfélagslegu þættir sem valda ólíku drykkjumynstri kynjanna komi fyrst og fremst til vegna fjögurra þátta; *valdastöðu* karla (power), *kynlífshegðunar* (sex), *áhættuhegðunar* (risk) og *ábyrgðar* (responsibilities).

Rannsóknir sýna enn fremur að konur eiga erfiðara með að leita sér aðstoðar vegna áfengis- og/eða vímuefnavanda.⁴ Ástæður þess geta verið bæði persónulegar og félagslegar. Þættir á borð við *félagslega skömm* (social stigma), *mismunun* (discrimination), *áföll* (trauma), *fjárhagslegar skuldbindingar* (financial issues) og *umönnun barna* (custody and childcare concerns) geta valdið því að konur eiga erfiðara með að leita sér aðstoðar vegna vímuefnavanda en karlar.

² https://saa.is/wp-content/uploads/2017/02/SÁÁ-Blað-nov-2016_15122016.pdf

³ Alcohol, gender and drinking problem. Edited by Isidore S. Obot & Robin Room. WHO, 2005. http://www.who.int/substance_abuse/publications/alcohol_gender_drinking_problems.pdf

⁴ <https://adf.org.au/insights/substance-misuse-gender-divide-explained/>